

Stjórnarfundur Fáks 20. nóvember 2017

Mættir: Hjörtur Bergstað, Marianna Gunnarsdóttir, Þórir Örn Grétarsson, Svafar Magnússon, Heiðrún Sigurðardóttir og Krístrún Ágústsdóttir.

Málefni tekin fyrir:

1. Lýsing í Víðidal

Borist hefur fyrirspurn vegna lýsingar í Víðidalnum. Stjórnin vísar fyrirspurninni á Víðidalsfélagið sem er með þessi mál á sinni könnu.

2. Uppskeruhátíð – veitingar

Tillaga um að biðja nýja veitingaaðilann í félagsheimilinu um að sjá um veitingar á uppskeruhátíðinni og kynna hann þannig fyrir Fákshélagum. Tillagan samþykkt og framkvæmdastjórinn mun kanna hvort áhugi sé fyrir því.

3. Neðri Fákur

Athugasemdir hafa borist frá Fákshélagum úr Neðri Fáki vegna reiðleiða og sigins þaks í einu hesthúsinu. Formaðurinn mun hafa samband við forsvarsmenn.

4. Almennadalur

Framkvæmdastjórinn hefur haft samband við verktaka sem mun fara í að laga og bæta gólfíð í yfirbyggða hringgerðinu á næstu dögum. Framkvæmdastjórinn hefur einnig beðið stjórn Almennadalsfélagsins að finna útúr því hver eigi þrjá gáma sem komið var fyrir á svæðinu í leyfisleysi á dögnum, svo hægt sé að láta fjarlægja þá.

5. Fákshúpur

Tillaga að bjóða Fákshúpur til kaups fyrir Landsmót. Svafar ræðir möguleika og kjör við Cintamani og Hjörtur ræðir við 66°norður.

6. Önnur mál

- a. Aðgangsmál að TM reiðhöllinni verða auglýst á heimasíðu Fáks og Facebook með verðskrá fyrir veturinn. Verðskráin var ákveðin á stjórnarfundum 25. september sl. Tekið verður á allri misnotkun lykla með viðeigandi hætti. Börn og unglingar (16 ára og yngri borga) einungis lykilverðið.
- b. Stórsýning Fáks verður laugardaginn 14. apríl 2018. Stjórn er byrjuð að huga að listrænum stjórnendum fyrir sýninguna.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

